

Háskóli Íslands
Silja Bára Ómarsdóttir rektor
Sæmundargötu 2
102 Reykjavík

Reykjavík, 2. júlí 2025

Efni: Rekstrar- og stjórnunarlegur aðskilnaður Endurmenntunar HÍ frá öðrum rekstri skólans

Félag atvinnurekenda (FA) óskar nýjum rektor Háskóla Íslands til hamingju með kjörið og velfarnaðar í starfi. Félagið vill taka upp við rektor brýnt hagsmunamál félagsmanna FA, einkarekinna fræðslufyrirtækja sem veita þjónustu á sviði sí- og endurmenntunar. Málið varðar fjárhagslegan og stjórnunarlegan aðskilnað Endurmenntunar HÍ frá öðrum rekstri skólans.

Ákvæði laga og opinber stefna um aðskilnað samkeppnisrekstrar frá annarri starfsemi

Samkeppnislög gera ráð fyrir að samkeppnisrekstur á vegum opinberra stofnana sé aðskilinn frá annarri starfsemi þeirra. Þannig segir í 14. grein samkeppnislaga: „Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er Samkeppniseftirlitinu heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálstri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af starfsemi sem nýtur einkaleyfis eða verndar.“

Fjármálaráðuneytið mótaði árið 1997 stefnu og leiðbeiningar á grundvelli ofangreindra lagaákvæða. Í stefnunni, sem gefin var út í nóvember 1997, segir m.a.: „Ef tekjur stofnunar af samkeppnisrekstri eru hærri en 50 m.kr. eða markaðshlutdeild hans er meiri en 15% af skilgreindum markaði, skal eiga sér stað fjárhagslegur og stjórnunarlegur aðskilnaður milli samkeppnisrekstrarins og annarrar starfsemi stofnunarinnar.“ Stefnumni fylgja ýtarlegar leiðbeiningar á tæplega 40 blaðsíðum um hvernig slíkum aðskilnaði skuli háttað og m.a. gætt að því að allur raunverulegur kostnaður við samkeppnisstarfsemina sé dreginn fram. Stefnan og leiðbeiningarnar eru í fullu gildi.

Sé 50 milljóna króna talan framreiknuð til dagsins í dag eru það um 180 milljónir króna. Í ársreikningi HÍ árið 2013 var sagt frá því í skýringum að tekjur HÍ af endurmenntun það ár hefðu numið 470 milljónum, en engar slíkar upplýsingar hafa verið birtar undanfarin ár þannig að ekki liggur fyrir hvert umfang rekstrarins er. FA dregur þó í efa að tekjurnar hafi dregist saman.

Hlutverk Endurmenntunar HÍ

Í reglugerð menntamálaráðherra um starfsemi Endurmenntunar HÍ segir: „Meginhlutverk Endurmenntunarstofnunar er að standa fyrir **endurmenntun háskólamanna** með námskeiðum; fræðslufundum og útgáfustarfsemi. Ennfremur sinnir stofnunin fræðslu fyrir almenning eftir því sem aðstæður leyfa.“ (Leturbreyting undirritaðs) Reglugerðin er frá 1991 en þróunin síðan hefur verið sú að fræðsla fyrir almenning, þ.e. önnur starfsemi en endurmenntun háskólafélags, er æ viðtækari hluti starfseminnar.

Ekki verður séð að nokkur einasta ástæða sé til að ríkisstofnun haldi úti námskeiðum á borð við „Íbúðaskipti – meiri upplifun, minni kostnaður“, „Fagleg hegðun og samskipti á vinnustað“, „Lagasmíðar og pródúsering“, „Sáning og ræktun kryddjurta og matjurta“, „Listin að vera leiðinlegt foreldri“, „Lausnahríngurinn – betri samskipti í fjölskyldunni“ eða „Trjá- og runnaklippingar“ svo tekin séu dæmi af handahófi úr námskeiðum Endurmenntunar nú á árinu. Einkaaðilar sinna fræðslu af þessu tagi með mikilli þrýði. Sé það hins vegar ætlun Háskóla Íslands að keppa beint við einkaaðila í fræðslu fyrir almenning, verður að vera skýrt að sá samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur með fjárframlögum skattgreiðenda til skólans.

Tilmæli Samkeppniseftirlitsins og eftirfylgni FA

Í framhaldi af kvörtun, sem Félag atvinnurekenda sendi Samkeppniseftirlitinu (SE) árið 2020, sendi SE mennta- og menningarmálaráðuneytinu (sem þá fór með málefni háskóla) erindi í maí 2021 og fór fram á við ráðuneytið að þess yrði farið á leit við opinberu háskólana að þeir birtu opinberlega upplýsingar um hvernig fjárhagslegum aðskilnaði er háttað á milli annars vegar þess rekstrar sem rekinn er að hluta til eða öllu leyti af opinberu fé og hins vegar þeirrar starfsemi sem er í frjálsri samkeppni við aðra aðila, sbr. áðurnefnda 14. grein samkeppnislaga. „Að mati Samkeppniseftirlitsins er eðlilegt að fagraðuneyti málaflokksins geri kröfu um þetta í samhengi við fjárveitingar til viðkomandi skóla,“ sagði í erindi SE.

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið eins og það hét þá (nú menningar- nýsköpunar- og háskólaráðuneytið) upplýsti FA um það í marz síðastliðnum að ráðuneytið hefði í maí 2021, að fengnum tilmælum Samkeppniseftirlitsins, sent öllum háskólum landsins bréf og komið tilmælum Samkeppniseftirlitsins á framfæri. Með því teldi ráðuneytið sig hafa uppfyllt tilmæli SE.

Viðbrögð Háskóla Íslands

Félag atvinnurekenda fylgdi tilmælum SE eftir með erindi sem þáverandi rektor HÍ var sent 28. maí 2021, þar sem háskólinn var hvattur til að verða við tilmælum Samkeppniseftirlitsins. Félagið sendi háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu erindi 4. nóvember 2021 og benti á að háskólarnir, þar með talinn Háskóli Íslands, hefðu ekki brugðizt við með birtingu neins konar tölulegra upplýsinga sem sýndu fram á fjárhagslegan aðskilnað endurmenntunarstofnana frá öðrum rekstri.

Erindið til HÍ var ítrekað 24. janúar 2024. Því var svarað af hálfu þáverandi rektors með tölvupósti 1. febrúar 2024. Þar kom fram að rektor hefði hlutast til um að eftirfarandi klausa yrði birt á vef HÍ: „*Rekstur Endurmenntunar HÍ byggir eingöngu á eigin tekjum, þ.e. námskeiðsgjöldum. Endurmenntun HÍ nýtur engra opinberra fjárframlaga.*“

Að mati FA eru þetta allsendis ófullnægjandi viðbrögð af hálfu HÍ. Endurmenntun er rekin á sömu kennitölu og HÍ, engin grein er gerð fyrir rekstri hennar sérstaklega í ársreikningi HÍ og ekkert sérstakt rekstraryfirlit er birt. Þegar sagt er að Endurmenntun njóti engra opinberra fjárveitinga vantar alveg að gerð sé grein fyrir því í rekstraryfirliti, sem er aðgengilegt fyrir keppinauta Endurmenntunar, hvernig t.d. aðgangur hennar að húsnæði, yfirstjórn, markaðssetningu og vörumerki Háskóla Íslands er verðlagður. Einkarekin fræðslufyrirtæki, sem Endurmenntun keppir grimmt við, hafa þannig enga sönnun þess að reksturinn sé ekki í raun niðurgreiddur með fjárframlögum skattgreiðenda til HÍ.

Undirritaður birti tvö opin bréf á Vísi til frambjóðenda til rektorsembættis Háskóla Íslands í febrúar og marz síðastliðnum, þar sem ofangreind sjónarmið voru reifuð. Engin svör bárust frá rektor fremur en öðrum frambjóðendum. FA leyfir sér engu að síður að trúa því ekki að óreyndu að rektor vilji hunza samkeppnislöggjöfina, tilmæli Samkeppniseftirlitsins og stefnu og leiðbeiningar stjórnvalda um fjárhagslegan og stjórnunarlegan aðskilnað samkeppnisrekstrar frá öðrum rekstri.

FA fer þess eindregið á leit við rektor að hún beiti sér fyrir því að greinargóðar og sannreynanlegar upplýsingar um rekstrar- og stjórnunarlegan aðskilnað Endurmenntunar HÍ frá annarri starfsemi skólans verði birtar opinberlega.

Svars við erindi þessu er óskað hið fyrsta.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA

Fylgiskjöl:

Fjárhagslegur aðskilnaður í rekstri ríkisstofnana - stefna, greinargerð og leiðbeiningar
Erindi Samkeppniseftirlitsins til mennta- og menningarráðuneytisins 17. maí 2021

Afrit:

Samkeppniseftirlitið

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið